



VORSKÝRSLA 2019

Ragnheiður Sövik

Innihald

Annáll skólaársins 2018-2019	3
Árshátíð 1.-5. bekkjar	5
Árshátíð eldri nemenda	6
Bókasafn Varmahlíðarskóla	7
Starfsskýrsla veturinn 2018 - 2019	7
Sumarlestur 2018	8
Byrjendalæsi	9
Félagsmál 1.-5. bekk	10
Félagsmál 6. – 10. bekk	10
Foreldrafélag Varmahlíðarskóla	11
Fullveldi, frelsi og lýðræði - hvað er nú það?	12
Gaman saman	12
Heilsueflandi grunnskóli	13
Heilsugæsla	14
Litla upplestrarkeppnin	14
Náms- og starfsráðgjöf	15
Nýsköpunarkeppni grunnskóla og Verksmiðjan	16
Eineltisáætlun Olweusar	17
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	17
Náms- og starfsráðsgjafi	18
Nemendaverndarráð	18
Talmeinafræðingur	18
Sálfræðingur	18
Skólaferðir	19
Dvöl 9. bekkjar að Laugum í Sælingsdal	19
Vorferð 1.-4. bekkjar	19
Vorferð 5. bekkjar – Skín við sólu	20
Vorferð 6. - 8. bekkjar	20
Gróðursetning í Aldamótaskógi - 9. bekkur	21
Danmerkurferð 10. bekkjar	21
Skólahreysti 2018-2019	22
Stóra upplestrarkeppnin	22
Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga	23
Sveitadagar vorið 2019	23
Valgreinar í 8. – 10. bekk	24

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur mars 2019	25
Vinaliðaverkefnið	25
Þjóðleikur	26

Annáll skólaársins 2018-2019

Í annálum sem þessum er hefð fyrir því að minnast á uppbrot í skólastarfinu fremur en stafsetningar- og stærðfræðireglur sem nemendur náðu að beita, ljóð sem þeir lærðu utanað og liðleikaæfingar sem enn aðrir náðu tökum á. Það segir okkur það, að við efumst aldrei um að allir hafi lært eitthvað og að lang, lang flestir hafi lagt sig fram af bestu getu. En víkjum þá að nokkrum atriðum sem gera þennan vetur minnisstæðan:

Skólastarfið hófst síðustu daga ágústmánaðar með **Hreyfidögum** þar sem **Norræna skóla-hlaupið** var preytt og hreyfing stunduð af ýmsu tagi. Ekki tókst að ganga á Mælifellshnjúk eins og til stóð en hnjúkurinn er enn á sínum stað og eflaust hægt að spreyta sig á honum síðar. Þess í stað var ákveðið að fara í rökkurgöngu dag nokkurn fyrir jólafrí. Þá gengu nemendur frá Syðstu-Grund upp í Kakalaskála með vasaljós og hittu fyrir fræðandi fólk á leið sinni. Göngufólk gæddi sér á kakói og piparkökum þegar komið var á leiðarenda. Þótti þessi ganga takast svo vel að komið hefur ósk um að þetta verði að árlegri hefð.

Við sóttum **Vinadaginn** að venju í október, fórum á Sauðárkrók og áttum góðar stundir með öðrum nemendum í Skagafirði og starfsfólki skólanna.

Gaman saman starfið var með hefðbundnum hætti, skólahópur leikskólans heimsótti okkur í ýmsar kennslustundir og nemendur héðan fóru í heimsóknir í leikskólann. Þetta samstarf er báðum skólum gagnlegt og gefandi.

7. bekkur heimsótti eldri borgara á **Löngumýri**, las og spjallaði. 10. bekkur fór einnig þangað í heimsókn á þessu skólaári. Bæði ungir og aldnir hafa gaman af þessum samverustundum.

Unnur María, nemandi okkar í 8. bekk, fór fyrstu ferðina í nýrri rennibraut sem vígð var við sundlaugina þann 22. október síðastliðinn. Allir nemendur skólans hafa svo notið góðs af rennibrautinni í vetur.

Árshátíð yngri nemenda var haldin í lok október og settu nemendur upp sýninguna Ævintýragrautinn og stóðu sig vel. Það er alltaf mikið um að vera þegar verið er að undirbúa árshátíðir og nemendur og starfsfólk leggja talsvert á sig. Í ár var leikstjórn árshátíðar yngri nemenda alfarið í höndum kennara yngra stigs.

Danskennsla var í desember undir stjórn Ingunnar danskennara og segja má að koma hennar í skólann sé orðinn fastur liður í jólaundirbúningnum.

Piparkökukúsakeppnin fór fram að venju og þar sýndu nemendur listræna hæfileika og frumleika. Piparkökumeistarar voru krýndir eins og hefð er fyrir. Það voru þær Erna Sigurlilja og Halldóra Árný í 10. bekk sem urðu meistarar að þessu sinni.

Árshátíð eldri nemenda var að venju í janúar. Sett var upp sýningin **Cry Baby** við góðar undirtektir áhorfenda. Líkt og oft áður koma óþekktir styrkleikar nemenda fram í árshátíðarvinnu og segja má að sumir nái að blómsta sem aldrei fyrr á sýningardögum. Leikstjórar eldri árshátíðar voru Trostan og Íris Olga.

Allir hópar fóru í **skíðaferðir** í mars og apríl. Ferðirnar tókust afar vel og allir komu sáttir heim.

Við fengum að venju nokkra skemmtilega **gesti í heimsókn** á árinu.

Tveir þýskir kennara heimsóttu okkur í september og fylgdust með starfinu í skólanum.

Sigga Dögg kom í mars með fyrirlestur um kynhegðun fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Þorgrímur Þráinsson leit til okkar með fræðslu um skapandi skrif fyrir 6.-8. bekk.

Blátt áfram samtökin komu með forvarnarfræðslu í lífsleiknitíma eldri nemenda.

Netöryggi var rætt og **Eyjólfur Örn Jónsson** sálfræðingur kom og fræddi nemendur og foreldra um áhættu of mikillar netnotkunar.

Árleg **forvarnafræðsla Magga Stef** var í september.

Rithöfundurinn **Gunnar Helgason** kom við og las upp úr bók sinni fyrir alla nemendur skólans. Það gerði einnig **Hjalti Halldórsson** rithöfundur og las fyrir 3.-8. bekk.

List fyrir alla var með viðburð fyrir nemendur 6.-8. bekkjar í október þegar Sigga Soffía dansari hitti nemendur og dansaði með þeim og bauð svo á frábæra sýningu í Bifröst.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í skólanum og fulltrúar okkar tóku síðar þátt í loka-keppninni sem haldin var á Sauðárkróki. Að þessu sinni voru það Ísak Agnarsson og Emilía Kvalvik Hannesdóttir sem voru aðalmenn og Hákon Kolka Gíslason til vara.

Níundi bekkur sótti **hestadaga á Hólum** í febrúar að venju og voru það glaðir og kátir nemendur sem snéru til baka eftir fjögurra daga reiðkennslu.

Skólahreystiliðið okkar var skipað þeim Söru Maríu og Ástu Aliyu í 10. bekk, Óskari og Steinari Óla úr 9. bekk. Varamenn voru þau Björg og Indriði. Frammistaða þeirra í undankeppninni á Akureyri var svo góð að efna þurfti til ferðar með unglingastigið í úrslitaviðureignina í Reykjavík nú í maí. Þar lentu krakkarnir í 8. sæti og er það frábær árangur.

Ferðin var líka notuð til fræðslu og nemendur skoðuðu Alþingi, sumir sáu kunnugleg andlit þingmanna úr fjölmiðlum.

Daginn eftir var svo slútt í félagsmálum með tilheyrandi fjöri og grilli.

Vert er að geta þess að 9. og 10. bekkur fór aðra ferð til Reykjavíkur nú í vor ásamt jafnöldrum sínum í firðinum. Ferðinni var heitið á **Íslandsmót iðn- og verkgreina**. Þar sáu nemendur margt spennandi og ef til vill hefur þessi ferð einhver áhrif á námsval sumra í hópnum í framtíðinni.

Stúlkurnar í 9. bekk fóru ásamt Unni Erlu nú á dögnum til Akureyrar á viðburðinn **Stelpur og tækni** í boði Háskólans í Reykjavík og Samtaka atvinnulífsins. Kynningin fór fram í Háskólanum á Akureyri.

Þjóðleikshópur æfði í vetur undir stjórn Írisar Olgu. Þegar ljóst var að uppskeruhátíð Þjóðleiks rækist saman við árshátíð Friðar var ákveðið að slá upp leiksýningu í Héðinsminni þar sem þau sýndu leikritið Tjaldið eftir Hallgrím Helgason. Efnið var viðkvæmt en leikarar skiluðu verkinu vel við góðar undirtektir.

Fullveldi, frelsi og lýðræði - hvað er nú það? var þemavinna nemenda í tenglum við fullveldis-afmælið. Vinnan endaði með málþingi þar sem nemendur minntust fullveldisins á ýmsa vegu. Þau Trostan og Íris Olga voru forsprakkar þessa verkefnis og þökkum við þeim fyrir vinnu-framlag og frábæra hugmynd.

Við áttum þrjá fulltrúa í **stærðfræðikeppni FNV og Menntaskólans á Tröllaskaga** nú í maí. Það voru þeir Steinar Óli, Óskar Aron og Indriði Ægir, nemendur í 9. bekk, sem tóku þátt og stóðu sig með sóma. Þeir stóðu í ströngu nú á vordögum á öðru sviði líka. Því þeir komust einnig í úrslit í **Verksmiðjunni**. Verksmiðjan er nýsköpunarkeppni ungs fólks á aldrinum 13 til 16 ára,

þar sem hugmyndir geta orðið að veruleika. Strákarnir kynntu þar hið bráðsnjalla markaðsapp sem þeir hafa þróað.

10. bekkur fór í árlega Danmerkurferð sem fulltrúar þeirra gera betur grein fyrir hér á eftir.

Aðrir árgangar fóru í dagsferðir nú í vor, innan og utan héraðs. Í þeim var gróðursett, grillað, brugðið á leik, fræðst um sögustaði og farið á sjó. 6.-8. bekkur eldaði svo fiskisúpu úr aflanum sem fékkst í þeirra ferð daginn eftir í skólanum.

Að lokum langar mig að segja ykkur frá dálitlu sem ég heyrði á ferð minni um skólann nú um daginn. Ónefndur kennari spurði nemendur í stofunni sinni hvers vegna þeir hvísluðu svona í tímanum. Nemendurnir svöruðu um hæl: Við höldum að við myndum trufla kennsluna ef við töluðum hærra.

Þetta skólaárið hefur verið gjöfult og nú væntum við skemmtilegs sumars.

Lára Gunnðís Magnúsdóttir

Árshátíð 1.-5. bekkjar

Árshátíð 1.-5. bekkjar var haldin fimmtudaginn 1. nóvember kl. 17 í Miðgarði. Sýnt var leikritið Ævintýragrauturinn með völdum atriðum og lögum úr leikritum eftir Thorbjörn Egner, sett saman í eina sýningu með sögumönnum. Umsjónarkennarar 1.-5. bekkjar sáu um undirbúning, leikstjórn og almennt utanumhald.

Nemendur í 1.-5. bekk tóku öll þátt í sýningunni, bæði sem leikendur, sögumenn og dansarar. Leikritið var 50 mínútur að lengd og tekið upp af Árna Gunnarssyni og er upptakan inni á youtube.com.

Aðgangseyrir var 2.000 kr fyrir 16 ára og eldri og 1.000 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri utan Varmahlíðarskóla.

Kaffiveitingar voru í Miðgarði að sýningu lokinni.



Sara Gísladóttir



Árshátíð eldri nemenda

Valið: Á vordögum í 9. bekk var rætt um ýmis verk sem kæmu til greina. Rætt var um fræg verk sem sýnd hefðu verið og ákvað hópurinn að taka fyrir verk þar sem tónlist væri fyrirferðamikil. Skoðuð voru handrit sem aðgengileg voru á netinu. Rætt var um hvort verkið þyrfti að vera frægt eða ekki. Að lokum var ákveðið að taka fyrir leikrit upp úr bíómynd. Þá var talið skipta máli að handritið væri aðgengilegt. Verkið Cry Baby varð fyrir valinu. Haft var samband við leikstjóra verksins, Björk Jakobsdóttur. Hún gaf leyfi fyrir notkun verksins en handritið var ekki til. Upptaka fékkst af sýningu Versló og var handritið skrifað upp eftir þeirri upptöku og notað lítið breytt.

Í upphafi var helst lagt upp úr leiklistaræfingum, s.s. spuna-, rýmis-, karakter-. Byrjuðum að æfa senur úr verkinu í lok september, þó ekki að ráði fyrr en í nóvember. Skipuðum í nefndir eftir áhuga - sviðsmynda, búninga-, markaðs-, tónlistar- - en þær störfuðu mismikið. Það gerðist ekki oft að fólk ynni í árshátíðin utan skóla.

Æfingar í skóla: Æfingatímabil í skóla gekk þokkalega. Til að byrja með tóku eingöngu 10. bekkingar þátt. Til stefnu eftir jólafrí voru 7 dagar. Þeir voru nýttir til þess að skoða atriðin betur sem og að reyna að finna búninga. Einnig voru samdir dansar til þess að kenna nemendum annarra bekkja. Á æfingatímabilinu í skólanum tóku nemendur í öðrum bekkjum en 10. bekk þátt í 5 daga. Nemendur í 6. og 7. bekk sem voru fyrst og fremst í dansatriðum, tóku ekki þátt í skólaæfingum að öðru leyti en því að þeir fengu fáeinar dansæfingar og fengu að vera með á æfingu þar sem farið var yfir hvenær komið væri inn á svið og hvaðan.

Æfingar í Miðgarði: Gengu afar hægt í byrjun. Fyrsti dagur (mánudagur) fór í að koma upp leikmynd og að reyna að átta sig á raunverulegum aðstæðum. Farið var heim á venjulegum tíma. Á öðrum degi var farið að æfa í heild. Hljómsveitin var ekki á staðnum og var því reynt að æfa án tónlistar. Farið var yfir texta. Nemendur voru í kjallara og komu á svið þegar að þeim kom í leikritinu. Farið var tvisvar í gegnum verkið þennan dag og eftir hann var nokkuð bjart yfir þátttakendum.

Á þriðja degi var æfing fyrir söngvara með hljómsveit eftir skóla. Á skólatíma var æft með undirleik af Spotify. Þannig var hægt að æfa dansa en þetta hentaði ekki vel sem undirleikur fyrir söngvara þar sem oft var um aðra tóntegund að ræða en hjá hljómsveitinni. Eftir þennan dag fóru allir heim á venjulegum tíma, nema þeir sem voru í söngatriðum. Fyrir hljómsveitaræfingu var fólk hóflega bjartsýnt. Æfingin gekk afar vel og fyllti þátttakendur og áheyrendur gleði og bjartsýni.

Á frumsýningardegi (fimmtudegi) var rennt yfir verkið með undirleik. Nokkuð vel gekk að komast í gegnum verkið sem rúllaði í gegn á u.þ.b. 100 mínútum. Nemendur fengu svo stutt hlé áður en kom að generalprufu. Hún hófst klukkan 12:10. Þar var hljómsveitin komin og gekk allt fremur vel og hafði fólk litlar áhyggjur af framhaldinu. Eftir klukkan 14:00 fóru nemendur heim sem ekki tóku þátt. Leikendur fóru í kaffi í skólanum. Höfðu frjálsa stund og mættu svo í förðun í skólann til þess að fara í gervin.

Sviðsmynd gerði Íris Olga Lúðvíksdóttir ásamt nemendum 6. - 10. bekkjar og starfsfólki skólans. Tónlist: Stefán R. Gíslason og hljómsveit spiluðu (Einar Þorvalds, Margeir Friðriks og Rúnar Víglunds). Óskar og Steinar Óli úr 9. bekk spiluðu með í nokkrum lögum og hlupu því niður af sviðinu milli atriða.

Íris Olga Lúðvíksdóttir og Trostan Agnarsson

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2018 - 2019

Bókasafnið var opið allan skóladaginn, þriðjudaga og miðvikudaga og eftir hádegi á fimmtudögum. Þá gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1. – 4. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu margir bekkir tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd vinsælastur. Safnið var opið fyrir almenning eftir hádegi á fimmtudögum kl. 13:00 – 16:00 og voru það allnokkrir sem nýttu sér það, þó að ýmsir kæmu á öðrum tímum sem hentuðu þeim betur.



Bókasafn Varmahlíðarskóla

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til af hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit, myndbönd, sem teljast nú orðið úrelt, og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. – 7. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar og kennslu yngri barna. Listaverk nemenda eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.– 3. bekkjar unnu að ýmsum safnaverkefnum og hlustuðu á sögur, auk myndgerðar. 4. og 5. bekkjar unnu m.a. verkefni um húsdýr, bæði bóklega og í spjaldtölvum, 6. og 7. bekkjar unnu ýmis verkefni í spjaldtölvum t.d. verkefni um fugla, og glærukynningu um bæinn sinn/húsið sitt, sem sýndar voru á hátíð skólans, 15. nóvember, vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands, auk heimildaöflunar um lönd að eigin vali.



Nemendur á miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa mikið að segja.

Haldið var upp á *Bangsadaginn* miðvikudaginn 25. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á bókasafnið.

Safnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 12. – 18. nóvember, og var þemað í ár Hetjur á Norðurlöndunum. Bækur vikunnar voru **Handbók fyrir ofurhetjur** eftir Elias og Agnes Våhlund, **Þau sem ekki eru til** eftir Simon

Stranger og **Íslenskir kóngar** eftir Einar Má Guðmundsson.

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum bókum.

Níunda árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna Alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Að þessu sinni var það smásagan *Hverfishátíðin* sem höfundurinn Gerður Kristný las upp í útvarpi allra landsmanna og söfnuðust nemendur og starfsfólk saman í setustofunni föstudaginn 5. apríl til að hlusta.

Lestraráttak stóð yfir í skólanum í allan vetur og auk þess tóku nemendur 3. og 4. bekkjar þátt í jólabókalestrarspretti.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.- 5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímann því það er viðurkennd staðreynd að þeim sem eru að læra að lesa fer oft aftur á sumrin. Verður þetta í sextánda sinn sem boðið er upp á sumarlestur og almennt hefur verið gerður góður rómur að þessu verkefni. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

Næsta vetur er stefnt að því að vinna með bekkjarkennurum að verkefna- og þemavinnu ýmiss konar, þar sem safnið verði nýtt betur til upplýsingaleitar og heimildavinnu ýmiss konar.

Bókasafnið var opið sem hér segir:

Þriðjudaga kl. 8:20 – 14:00

Miðvikudaga kl. 8:20 – 16:00

Fimmtudaga kl. 12:00 – 16:00 (kl. 13:00 – 16:00 fyrir almenning)

Útlán veturinn 2018 - 2019

Útlán fóru fram í landskerfi bókasafna, Gegni og voru þau alls 1.359. Einnig voru all margar bækur fengnar í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga.

Sumarlestur 2018


Sumarið 2018 var í fimmtánda sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1.-5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurnar til að lesa að sumrinu. Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttökutilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börnin til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

23 nemendur skráðu sig til leiks, tóku virkan þátt og stóðu við sett markmið. Alls lásu þessir 23 nemendur tæplega 15.550 s. eða 677 s. að meðaltali sem er nokkuð minna en sumarið áður.

Þau börn sem tóku þátt fengu send viðurkenningarskjöl og litla gjöf. Ekki voru veittar sérstakar viðurkenningar þeim sem lásu mest en verður það tekið til athugunar næsta haust.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var nokkuð góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Skráð útlán voru 167. Auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar.

Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og verður aftur boðið upp á hann næsta sumar.



*Varmahlíðarskóla 03.06.2019,
Ragnheiður Sövik*

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-4. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss tvo daga í viku, þá einn stafur í senn.

Þegar það átti við var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Á þriðjudögum voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfaskrift. Stundum var fündrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag og var það eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi.

Birgitta Sveinsdóttir, Hafdís G. Skúladóttir og Sara Gísladóttir



Félagsmál 1.-5. bekk

Að þessu sinni voru nemendur 6. bekkjar ekki með yngri hópnum, sem annars er venja til. Félagsmál 1. - 5. bekkjar snúast að mestu leyti um bekkjarskemmtanir og árshátíðina. Bekkjarskemmtanir eru haldnar tvisvar á skólaári; einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Á þessum skemmtunum koma nemendur með veitingar eða útbúa ásamt kennara sínum. Farið er í allskonar leiki og/eða horft á mynd. Hver umsjónarkennari skipuleggur með sínum umsjónarnemendum. Flestar skemmtanir eru haldnar eftir skólahald. Árshátíð yngri nemenda var haldin í október og þar tóku allir nemendur í 1.-6. bekk þátt í sameiginlegri leiksýningu. Á eftir sýningu var diskótek og kaffiveitingar.

Birgitta Sveinsdóttir, Hafdís G. Skúladóttir, Sara Gísladóttir, Sigrún Benediksdóttir

Félagsmál 6. – 10. bekk

Veturinn 2018-2019 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og var það skipað tíu nemendum úr 7. til 10. bekk. Framboðsfundur var haldinn, þar sem þeir nemendur í 7.-9. bekk sem buðu sig fram sem fulltrúa í nemendaráði, fluttu framboðsræður fyrir sína bekkjarfélaga sem síðan kusu á milli frambjóðenda. Frambjóðendur 10. bekkjar fluttu sínar ræður fyrir framan nemendur í 7. - 10. bekk sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

Nemendaráð 2018-2019: Sunna Sif Friðriksdóttir (formaður)

Leó Einarsson (formaður)

Ásta Aliya Friðriksdóttir (varamaður)

Magnús Árni Jóhannesson (varamaður)

Einar Kárasen

Óskar Aron Stefánsson (varamaður)

Lydía Einarsdóttir

Finnur Héðinn Eiríksson (varamaður)

Trausti Ingólfsson

Emilia Kvalvik Hannesdóttir (varamaður)

Fundir voru að öllu jöfnu haldnir einu sinni í mánuði. Nemendaráð skipulagði félagsmálin og diskótekin almennt með Sólrúnu Jónu Ásgeirsdóttur sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Starfsmaður frá Húsi frítímans kom til aðstoðar í hvert sinn sem félagsmál og diskó voru haldin. Einu sinni í mánuði voru diskótek, á fimmtudögum frá kl. 18-21. Þá daga voru félagsmál frá kl. 16-18 og matur kl. 18-18:30. Þá fimmtudaga sem voru bara félagsmál voru þau frá kl. 16-18. Félagsmálin voru tvisvar í mánuði að jafnaði.

Ýmislegt var brallað í vetur t.d. dansað, sungið, kósýstund haldin og horft á mynd, spurningakeppni og íþróttakeppni á milli bekkja og margt fleira skemmtilegt. 9. maí var síðasti félagsmáladagurinn, var farið í sápubolta á sparkvellingum og sundlaugarpartý í sundlauginni. Foreldrafélagið sá um að grilla hamborgara handa okkur og var svo diskótek til kl. 21.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár, að nemendur frá 4. bekk og upp úr kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Einnig gekk skíðastrætó í Tindastól þegar þannig viðraði. Frístundastrætó gekk frá seinniparti október til aprílloka á föstudögum frá kl. 13:15-17.

Nemendur í 8. - 10. bekk tóku einnig þátt í hinum ýmsu félagsmálum á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar, t.d söngkeppni, jólaballi, Norður-orgi, stóra Samfés, árshátíð Friðar og Rave balli. Við áttum fulltrúa á stóra Samfés sem er söngkeppni félagsmiðstöðva á Íslandi.

Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Foreldrafélag Varmahlíðarskóla

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Aðalfundur félagsins var haldinn í matsal skólans 21. nóvember og var frekar dræm mæting foreldra. Engar breytingar urðu á stjórn en hana skipa Atli Már Traustason ritari, Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri og Birna Valdimarsdóttir formaður. Varamenn eru Guðrún Kristín Eiríksdóttir og Sigurður Ólason. Kosnir voru bekkjarfulltrúar úr öllum bekkjum og tveir úr sumum eftir fjölda nemanda. Í öskudagsnefnd voru kosnir foreldrar frá Bústöðum, Álfheimum og Ytra-Vatni. Í skólaráð var kosinn nýr fulltrúi í stað Laufeyjar Leifsdóttur en hún hafði setið samfleytt í 7 ár og kosningu hlaut Gunnhildur Gísladóttir, með henni situr í skólaráði Laufey Haraldsdóttir.

Leikhúsmiðar voru endurgreiddir hjá sýningu Leikfélags Sauðárkróks eins og undanfarin ár og ákveðið að gefa aðventuhátíð frí þetta skiptið en koma með meira púður á aðventu 2019. Á lokadegi félagsmála grilluðu foreldrar ofan í mannskapinn og foreldrafélagið styrkti það eins og áður.

22. nóvember sat stjórn ásamt fleirum fund með Gunnari Gíslasyni sem vann að úttekt á framtíðarskipulagi skólamála í Varmahlíð og þá sérstaklega að skoða kosti og galla þess að koma öllu skólahaldi, bæði leik- og grunnskóla, fyrir undir sama þaki í húsnæði Varmahlíðarskóla. Var þetta góður fundur og gagnlegur fyrir bæði okkur og hann og vonandi að nú fari að finnast flötur á þessum málum þannig að hægt verði að hefjast handa við framkvæmdir í Varmahlíð, viðbyggingu við skólann ef þurfa þykir en a.m.k. að hlúa að skólahúsnæði Varmahlíðarskóla því þar er víða pottur brotinn hvað varðar nauðsynlegt viðhald.

Atli Már Traustason

Fullveldi, frelsi og lýðræði - hvað er nú það?

Unnið var að því að varpa ljósi á söguna síðustu hundrað árin. Fjallað var um aðstæður fólks og hugarheim sem hver og einn bjó við á þessu tímabili. Unnið var að samantekt og kynningu á því hvernig lífið hefur breyst á síðustu áratugum. Ýmsar leiðir voru notaðar til þess að ferðast aftur í tímann, m.a. voru tekin viðtöl við eldri borgara auk þess sem ýmsar gagnaveitir voru nýttar. Í framhaldi af þessari athugun voru vangaveltur um framtíðarhorfur. Verkefninu lauk með hátíðarsýningu fimmtudaginn 15. nóvember. Þann dag var opið hús í skólanum með málþingi, stuttum leikþáttum og margs konar sýnisgripum nemenda. Ekki má gleyma því að gestum var boðið upp á kaffi og brauðmeti sem nemendur höfðu bakað. Ávinningurinn var líklega tvíþættur. Þeir sem tóku þátt í vinnunni fræddust um ýmis atriði og veltu þeim fyrir sér frá öðru sjónarhorni og má segja að það teljist nokkur ávinningur. Hinn og sá sem ekki skiptir minna máli er mannlegi þátturinn. Hátíðarsamkoman gaf gestum færi á því að sjá inn í starfið og að fá að sjá og heyra hvað nemendur hafa fram að færa á þessum tímum.

Íris Olga Lúðvíksdóttir og Trostan Agnarsson

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Markmiðið er að leikskólabörnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans.

Haldnir eru reglulegir fundir yfir veturinn þar sem farið er yfir skipulagið og rætt hvort eitthvað þurfi að laga og breyta. Þá fundi sitja verkefnisstjórar Varmahlíðarskóla og Leikskólans Birkilundar.

Haldið var áfram með sameiginlegt Google skjal sem allir kennarar Varmahlíðarskóla og Steinunn leikskólastjóri höfðu aðgang að. Þar var hægt að skrifa við hvern bekk skipulag vetrarins með skólahóp. Með þessu vorum við að koma til móts við raddir kennara um að þeir fengju að skipuleggja sína tíma með skólahópnum sjálfir. Verkefnið gekk ágætlega, þarf þó að passa að minna kennara reglulega á það og halda betur utan um það.

Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur farið á útskrift skólahóps.

Að vori koma börnin úr skólahópi leikskólans ásamt foreldrum í heimsókn í skólann, ganga um allan skólann og sjá það sem um er að vera. Einnig fer væntanlegur umsjónarkennari 1. bekkjar að hausti í heimsókn niður á leikskóla til að kynna sig fyrir væntanlegum nemendum.

Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.



Heilsueflandi grunnskóli

Í heilsueflandi teymi sitja: Bryndís Bjarnadóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir og fulltrúi foreldra er Merle Storm. Fulltrúar nemenda voru Steinar Óli Sigfússon og Sunna Sif Friðriksdóttir.

Í skólabyrjun voru hreyfidagar þar sem boðið var upp á hreyfingu af ýmsu tagi í nærumhverfi skólans sem enduðu með Norræna skólahlaupinu. Hreyfidagar heppnuðust nokkuð vel þó ekki hafi verið gengið á Mælifellshnúkinn eins og áætlað var en veðrið setti strik í reikninginn. Var þetta góð byrjun á skólaárinu.

Danskennsla var í desember fyrir alla árganga skólans og fengu eldri nemendur sérstaka aðstoð við að semja og æfa dansa í tengslum við árshátíðarvinnu. Að loknu fjögurra daga námskeiði var haldin danssýning í íþróttahúsinu. Rétt fyrir jólafrí var farið í rökkurgöngu þar sem gengið var frá Syðstu- Grund og upp í Kakalaskála með sögustoppum á leiðinni, endað var í kakó, piparkökum og söng í skálanum og vakti þetta mikla lukku. Í janúar kom Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur með fræðslu fyrir nemendur í 5.-10. bekk og foreldra um tækjanotkun og skjáfíkn. Vinna með góðvildarspjöld var unnin í febrúar og fengu allir bekkir spjöld til að vinna með og kynntu sína vinnu í setustofu í lokin. 10. bekkur heimsótti eldri borgara á Löngumýri í febrúar. Þar lásu nemendur og tóku í spil. 7. bekkur fór í mars og las upp fyrir eldri borgara á Löngumýri, texta sem nemendur höfðu æft fyrir Stóru upplestarkeppnina.

Sigríður Dögg kynfræðingur kom til okkar með fræðslu fyrir 5.-10. bekk og foreldra um kynheilbrigði.

Markmið vetrarins var nemendur og forvarnir. Sótt var um styrk eins og undangengin ár í Lýðheilsusjóð fyrir verkefninu og fengum við úthlutað. Nemendur 9. bekkjar fóru í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal en það er verkefni sem vonandi er komið til að vera þó skólabúðirnar séu komnar á nýjan stað.

Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga frá kl. 9:00 - 14:05.

Verkefni hans eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk. Eins var tekið viðtal um lífsstíl, s.s. varðandi hollustu, hreyfingu, hvíld o.fl.

Ýmis fræðsla er í öllum bekkjardeildum. Þar er unnið eftir 6H heilsunnar sem fjallar um hollustu, hreyfingu, hvíld, hreinlæti, hamingju og hugrekki. Mismunandi áherslur eftir aldri. Ýmsar nýjungar voru s.l. vetur, meiri áhersla lögð á andlega líðan, tilfinningar og samskipti.

Til stóð að vera með kennslu í endurlífgun í 6. og 10. bekk sem einnig er nýtt hjá skóla-hjúkrunarfræðingum, en því miður fengum við ekki dúkkur til að nota við kennsluna. Vonandi rætist úr því næsta vetur, en það stendur til að kenna endurlífgun í 6 - 10. bekk í framtíðinni, samkvæmt verkefninu „Börnin bjarga“. Vonandi verður hægt að koma þessu í gang á næsta ári.

Á viðverutíma leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tognunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur

Litla upplestrarkeppnin

- Við skráðum okkur í keppnina í byrjun febrúar 2019.
- Í 4. bekk eru 8 nemendur skólaárið 2018 - 2019.
- Æfingar fóru fram í kennslustundum. Sjö af átta nemendum 4. bekkjar tóku þátt og sá áttundi kynnti keppnina fyrir áhorfendum og þakkaði fyrir í lokin.
- Höfum upp frá því æft einu sinni til tvisvar í hverri viku.
- Hafdís Guðlaug Skúladóttir umsjónarkennari, ásamt öðrum kennurum, sáu um að undirbúa nemendur fyrir keppnina.

Upplestrarhátíðin sjálf var svo haldin mánudaginn 6. maí í sal tónlistarskólans sem starfar í sama húsi og grunnskólinn. Boðsgestir voru foreldrar og nemendur 3. bekkjar.

Hafdís Guðlaug Skúladóttir, umsjónarkennari, stýrði hátíðinni. Piltur úr 5. bekk spilaði á píanó í upphafi og stúlka úr 3. bekk lék á píanó í lokin. Nemendur sáu sjálfir um kynningu milli atriða og fórst það vel úr hendi.

Gerður var góður rómur að upplestrinum og börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem buðu gestum upp á kaffi, djús og skúffuköku sem þeir bökuðu sjálfir í heimilisfræði af þessu tilefni.

Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Nemendur sjálfir höfðu mikinn metnað fyrir þessu og lögðu sig allir fram við að leysa þetta sem best af hendi.

Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Sara Gísladóttir umsjónarkennarar



Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2018-2019 var námsráðgjafi í 35% starfi fyrir áramót og í 50% starfi eftir áramót við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara auk þess sem hann sat Nemendaverndarráðsfundi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum á Norðurlandi vestra, skoðuðu skólann, heimavistina, íþróttahúsið, borðuðu mat í mötuneytinu og enduðu á því að sjá leiksýningu nemendafélagsins, Grease. Mjög vel heppnuð ferð. Nemendum 9. og 10. bekkjar stóð einnig til boða að fara suður á iðn- og verkgreinasýninguna Mín framtíð. Langflestir nýttu sér það boð. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem nemendur 9. og 10. bekkjar fengu kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Einnig gafst 9. og 10. bekkjum kostur á að kynna sér námsframboð og húsakynni VMA og MA þegar farið var á undankeppni Skólahreysti á Akureyri. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar.

Kristvina Gísladóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla og Verksmiðjan

Tilgangur keppnanna er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk, þar sem farið var inn á heimasíðu keppinnar og skoðuð myndbönd og kynningarefni. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, en langflestir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í pörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndaþróun. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og kláruðu það þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Engir nemendur úr Varmahlíðarskóla komust áfram í keppninni í ár.

Verksmiðjan er nýsköpunarkeppni ungs fólks á aldrinum 13 til 16 ára og er byggð upp á svipaðan hátt og Nýsköpunarkeppnin þar sem hugmyndir og uppfinningar geta orðið að veruleika.

Verkefnið var kynnt fyrir nemendum í 8. – 10. bekk. Nemendur höfðu líkt og í NKG frjálst val um hvort þeir tækju þátt en fengu nokkra tíma í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndum sínum. Sendar voru inn hugmyndir og komust þeir Óskar Aron Stefánsson, Indriði Ægir Þórarinsson og Steinar Óli Sigfússon áfram með tvær af hugmyndum sínum þær; Einföld markatöng og Markaleifi í 30 hugmynda úrslitin.



Tíu bestu hugmyndirnar voru síðan valdar í byrjun mars og enn komust stákarnir áfram með appið Markaleifi (<https://ungruv.is/markaleifi/>) en jafnframt áttu þeir að vinna áfram að hinni hugmyndinni og kynna hana einnig á lokahátíðinni þó að hún myndi ekki geta keppt um úrslitasetið. Strákarnir áttu að vinna áfram að hugmyndum sínum og þróa þær í samvinnu við Fab Lab á Íslandi og fyrirtæki í atvinnulífinu. Lokahátíðin var síðan haldin í Listasafni Reykjavíkur þann 22. maí.

Ólafur Atli Sindrason og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjórar voru Kristvina Gísladóttir og Lára Gunndís Magnúsdóttir. Fjórir lykilmenn, þeir Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Lovísa Sveinsdóttir og Sólrún Ásgeirsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt verkefnastjóra.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Vinabekkir hittust að vanda og föndruðu saman fyrir jólin. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans.

Kristvina Gísladóttir

Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennslu og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og /eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins og öðrum. Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Þá voru í fyrsta sinn notuð lestrarpróf, Lesferill, sem gefin eru út af Menntamálastofnun og eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysur eru lögð fyrir í ákveðnum árgöngum.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða.
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-7. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Ávallt er gengið út frá bekkjarnámskrá og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun iggur fyrir er hún send heim til kynningar og samþykktar foreldra. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í janúar og maí og skrifuð skýrsla. Sem dæmi um úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun talgervla eins og Easy Tutor og Voice Dream Reader. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda verður enn betur hægt að laga kennsluáðstæður og námsefni að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í þeim tilfellum sem um mikinn stuðning er að ræða við nemendur eru haldnir reglulegir teymisfundir á 6-8 vikna fresti með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Reynt er að koma því við að halda reglulega teymisfundi 2-4 sinnum yfir veturinn vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta.

Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur og ráðgjafi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom u.þ.b. einu sinni í mánuði í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnti greiningarvinnu við skólann í vetur. Hann kemur aðeins einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hans vinna er því eingöngu greiningarvinna en einnig hefur hann boðið upp á símaráðgjöf við kennara einu sinni í mánuði.

Þá hefur skólinn, á vegum Fjölskyldusviðs sveitarfélagsins, aðgang að ráðgjafa sem situr nemendaverndarfundum og sinnir ráðgjöf við kennara og nemendur.

Sara R. Valdimarsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Skólaferðir

Dvöl 9. bekkjar að Laugum í Sælingsdal

Nemendur í 9. bekk (11 talsins) fóru í ungmennabúðir að Laugum í Sælingsdal ásamt umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa. Brottför var á mánudegi 8. október og komið heim á föstudegi 12. október.

Nemendum var skipt í hópa og unnu þeir að ýmsum verkefnum sem höfðu þau markmið að efla sjálfstraust og einnig var unnið mikið með hópefli. Hópavinna fór bæði fram inni og úti, farið var í ýmsa leiki, gönguferðir og útileiki.

Reglur á Laugum eru í senn margar og strangar. Til að mynda var harðbannað að vera með síma eða sætindi og refsistig gefin ef slíkt var gert upptækt. Nemendur voru ýmist tveir eða fleiri saman á herbergi og þeir sem áttu snyrtilegustu herbergin fengu viðurkenningu fyrir, að sama skapi var hægt að fá refsistig ef reglum var ekki fylgt eftir eða umgengni ábótavant. Nemendur og starfsfólk hjálpuðust að við skömmun á mat og einnig við frágang. Starfsfólk skiptist á að taka kvöld- og næturvaktir.

Skólinn tekur þátt í kostnaði fyrir dvölinni, einnig greiða nemendur úr eigin vasa ásamt því að selja vöflur á samráðsdögum.

Nemendur voru allir sammála um að dvölin hefði verið vel heppnuð og langaði í raun ekki aftur til baka í hversdagslegt skólalífið!

Helga Sigurðardóttir, Sif Káradóttir

Vorferð 1.-4. bekkjar

Mánudaginn 20. maí lögðu nemendur 1.-4. bekkjar með 6 starfsmönnum í ferðalag heim að Hólum í Hjaltadal. Séra Gylfi tók á móti hópnum og sagði sögu staðarins. Eftir söguferð og grandskoðun á kirkjunni, turninum og Auðunarstofu var Gamli bærinn heimsóttur og leikið sér þar úti í smástund á meðan verið var að gera grillið klárt. Eftir pylsugrillið var farið í sund og á leiðinni heim heimsóttum við nemendur í Grunnskólanum á Hólum þar sem farið var í útistofuna og nesti borðað.

Sara Gísladóttir, Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir



Vorferð 5. bekkjar – Skín við sólu

Ferðin var farin miðvikudaginn 22. maí en byrjað var á því að fá sér árbít en síðan var lagt af stað frá skólanum klukkan níu. Áætlað var að kynnast nokkrum sögu- stöðum í Skagafirði sem tengjast verk- efninu *Skín við sólu* og byrjuðum við í Blönduhlíðinni, fyrsti áfangastaður var Flugumýri og þar tókum við lagið en það var gert á öllum okkar viðkomustöðum. Með okkur í för var Ingvi Hrannar kennslu- ráðgjafi og tók hann öll herlegheitin upp á myndband.



Næst lá leið að bænahúsinu í Gröf og síðan í Hofsós þar sem við börðum augum Vesturfarasetrið. Sundlaugin í Hofsósi naut okkar næst en þar borðuðum við nesti áður en haldið var til Hóla í Hjaltadal. Þar tók á móti okkur séra Gylfi og fræddi hann okkur um þennan fræga sögustað. Þar var aftur borðað nesti áður en við héldum að ferjumanninum Jóni Ósmann til að syngja þar. Næsta áning var á Sauðárkróki, nánar tiltekið á N1 þar sem allir fengu ís með dýfu. Síðasti en ekki sísti viðkomustaðurinn var gamli bærinn í Glaumbæ og að lokum Varmahlíðarskóli.

Sigrún Ben, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Ingvi Hrannar Ómarsson

Vorferð 6. - 8. bekkjar

Þriðjudaginn 21. maí lagði 6. – 8. bekkur af stað í vorferðina sína. Við byrjuðum daginn á morgunmat og að smyrja nesti fyrir daginn. Rétt fyrir kl. 9 lögðum við af stað og fyrst á dagskrá var að dreifa birkifræjum á landi Skógræktar ríkisins í Blönduhlíð. Eftir hressandi göngutúr lá leiðin á Hauganes og þar byrjuðum við á því að fá okkur pizzahlaðborð á Baccalá bar. Því næst skoðuðum við hákarl sem veiddur hafði verið fyrr um morguninn og hafði verið hengdur upp. Svo var komið að hápunkti dagsins, hvalaskoðun og sjóstöng. Í ferðinni sáu við hnúfubak og fylgdum honum eftir nokkra stund – og skelltum okkur svo í sjóstöng þar sem nemendur veiddu vel af þorski.

Eftir sjóferðina lá leiðin inn á Dalvík þar sem Byggðasafnið Hvoll var skoðað og rennibrautirnar í sundlauginni prófaðar. Síðasti viðkomustaður, áður en haldið var heim, var Olís á Dalvík þar sem hægt var að nestast sig upp fyrir heimferðina.

Ferðin heppnaðist í alla staði ákaflega vel og voru allir sáttir í dagslok.

Fimmtudaginn 23. maí var svo elduð fiskisúpa úr aflanum í útiöldun – sem bragðaðist ákaflega vel.

Helga Rós, Helga Þorbjörg, Kristvina, Síf og Þyrey

Gróðursetning í Aldamótaskógi - 9. bekkur

Fimmtudaginn 23. maí fóru nemendur í 9. bekk ásamt umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa að gróðursetja 260 birkiplöntur í Aldamótaskóginum í Lýtingsstaðahreppi. Plöntustafir voru fengnir að láni hjá Skógræktarfélagi Skagafjarðar, átta stykki.

Verkið gekk hratt og vel og tók um það bil 35 mínútur.

Eftir gróðursetningu var sest niður og allir fengu hressingu.

Haldið var heim í hádegisverð í skólanum eftir slökun, leiki og spjall.

Helga Sigurðardóttir, Sigrún B. Gylfadóttir

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 21. maí og komið aftur til Reykjaness þann 23. maí. Með í för ásamt 10. bekkingum, 16 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason fararstjóri, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir fararstjóri og Trostan Agnarsson umsjónarkennari og áhugaferðalangur.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23:40 þann 19. maí áleiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 5.10 um morguninn 21. maí, en stutt stopp var tekið í Olís í Borgarnesi á leiðinni. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni. Færðin var einkar góð.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nær-samfélagsins.

Gist var á Cabinn City hóteli í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Experimentarium, Ripley's (furðusafnið), Blá Planet sædýrasafnið o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 23:45 þann 23. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl. 05.00.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Ólafur Atli Sindrason, Trostan Agnarsson

Skólahreysti 2018-2019

Í vetur var kennd Skólahreysti í val tímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa á Akureyri 3. apríl var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum og var keppnin hörð um að komast í liðið í ár en það fór svo að Óskar Aron Stefánsson og Ásta Aliya Friðriksdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og Steinar Óli Sigfússon og Sara María Ómarsdóttir í hreystiþrautum, Björg Ingólfssdóttir og Indriði Ægir Þórarinnsson fóru sem varamenn. Farið var með 8.-10. bekk til Akureyrar til að styðja við keppendur í undanriðli skóla á Norðurlandi og var tíminn einnig nýttur til að skoða framhaldsskóla á Akureyri. Liðinu okkar gekk allt í haginn, voru í efsta eða efstu sætum í öllum greinum og stóðu þá uppi sem sigurvegarar riðilsins þriðja árið í röð við mikinn fögnuð viðstaddra. Um 120 skólar af öllu landinu taka þátt í Skólahreysti og er það vel að verki staðið að komast í 12 liða úrslitin í Laugardalshöll í Reykjavík, Varmahlíðarskóli hefur komist fimm sinnum í úrslit á seinustu 7 árum. Þann 8. maí var svo brunað af stað aftur með 8.-10. bekk og ferðin einnig notuð í að fara á Alþingi og Keiluhöllina þar sem var borðað og leikið. Stuðningsmennirnir mættu svo eldhressir í Höllina um kl. 19 til að styðja sinn skóla og hafa sem mest læti en ljósgræna liðið var að sjálfsögðu lang flottast í allskonar búningum og með flögg og einhverjar furðuverur þvældust líka með. Keppendur okkar stóðu sig með stakri þryði og enduðu í 8. sæti eftir mjög harða keppni. Haldið var aftur heim á leið um kl. 23 og mikið sungið og spjallað alla leiðina.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Stóra upplestrarkeppnin

Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar fór fram miðvikudaginn 27. febrúar í Varmahlíðarskóla. Nemendur stóðu sig allir með mikilli þryði en þeir nemendur sem báru sigur úr býtum voru þau Emilia Kvalvik Hannesdóttir og Ísak Agnarsson. Hákon Kolka Gíslason var valinn varamaður.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum móð í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali. Dómarar keppninnar voru þau Gísli Gunnarsson, Kristín Sigurrós Einarsdóttir og Ingibjörg Hafstað.

Lokahátíðin í héraði fór fram 26. mars í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita.

Samvera á Löngumýri með Kammerkórnum á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember var með hefðbundnu sniði og voru lesnir textar og ljóð eftir skáldkonuna Huldu.

Þyrey Hlífarsdóttir

Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga. Tilgangurinn með þessari keppni er að auka áhuga nemenda á stærðfræði og þrautalausnum og efla tengsl grunnskóla á Norðurlandi vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólann á Tröllaskaga. Öllum nemendum í 9. bekk á Norðurlandi vestra, í Fjallabyggð og á Dalvík var boðin þátttaka. Þrír drengir úr Varmahlíðarskóla, þeir Indriði Ægir Þórarinsson, Óskar Aron Stefánsson og Steinar Óli Sigfússon komust áfram eftir forkeppnina.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Sveitadagar vorið 2019

Sveitadagarnir voru fjórir að þessu sinni, dagana 13.-16. maí. Eins og síðastliðin ár, tóku allir nemendur skólans þátt í verkefninu. Nemendur fóru á vettvang og dvöldu á sveitabæjum og tóku þátt í starfinu þar. Flestir nemendur unnu heima en aðrir voru í vist hjá vinum og vandamönnum. Um leið og nemendur taka þátt í daglegum verkum á bæjunum þurfa þeir að gera skil á verkum sínum með ýmsu móti. Svo sem skrifa dagbók um hvað á daga þeirra hafi drifið, taka stuttmyndir og svara nokkrum spurningum. Nemendur og viðtakendur þeirra þurftu að fylla út matsblað um hvernig gekk. Það er reynsla okkar hér í skólanum að almenn ánægja sé með verkefnið bæði hjá nemendum og foreldrum.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur velja námskeið tvisvar á ári, annars vegar að hausti og hins vegar við annaskipti í janúar. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22% af kennslu nemenda í unglingadeild og verður það einnig næsta skólaár. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. List- og verkgreinar voru að venju stærsti hluti valsins. Kennt var í námskeiðsformi 4x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina undanfarnar annir.

Valgreinar - haustönn	Kennari
Almenn matreiðsla Árshátíðarval Bakstur Íþróttaval Heilbrigði og hreysti Leikskólaaval Málmsmíði Skólahreysti Smíðar og Fab Lab Stuttmyndagerð Textílmennt Tæknilegó UTN fjarnám fyrir 10. bekk	Bryndís Bjarnadóttir Trostan Agnarsson/Íris Olga Lúðvíksdóttir Bryndís Bjarnadóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Starfsfólk leikskólans Einar Örn Einarsson Sigurlína Hrönn Einarsdóttir María Eymundsdóttir/Einar Örn Einarsson Íris Olga Lúðvíksdóttir Þýrey Hlífarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Valgreinar- vorönn	Kennari
Almenn matreiðsla Bakstur Heilbrigði og hreysti Íþróttaval Leikskólaaval Listasmiðja Myndlist Skólahreysti Smíðar Tæknilegó UTN fjarnám fyrir 10. bekk Hestamennska Iðn- FNV	Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Starfsfólk leikskólans Íris Olga Lúðvíksdóttir Íris Olga Lúðvíksdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir María Eymundsdóttir/Einar Örn Einarsson Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Í samvinnu við Háskólann á Hólum Í samvinnu við FNV

Nýbreytni var þegar 12 nemendur nýttu sér valgreinina Iðn-FNV sem kennd var einu sinni í viku á skólatíma. Kennslan fór fram í FNV og fengu nemendur innsýn í iðngreinar sem þar eru kenndar. Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkina á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 11 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

Nemendur fengu sem fyrr að koma með sínar hugmyndir að valgreinum og var reynt að taka tillit til þess í framboði á valgreinum.

Lára Gunnðís Magnúsdóttir

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur mars 2019

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að þetta framtak sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu á Hólum mánudag til fimmtudags frá kl. 9 að morgni til kl. 15:00. Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari og stuðningsfulltrúi fylgdu hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Helga Sigurðardóttir

Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Guðjón Örn Jóhannsson og Gestur Sigurjónsson hafa haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnisstjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 10. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Vinaliðar í 4. - 6. bekk eru valdir af bekkjarfélögum sínum en vinaliðar í 7. - 10. bekk bjóða sig fram. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf, m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. - 6. bekk, stelpu og stráki, eða 12 yfir skólaárið og 8 vinaliða í 7. - 10. bekk sem unnu allt skólaárið.

Leikir eru í boði 1x í viku í löngu frímínútunum. 4. - 6. bekkur á þriðjudögum og 7. - 10. bekkur á miðvikudögum.


Vinaliðafundir voru haldnir reglulega í vetur með hálfsmánaðar millibili. Á vinaliðafundum sitja vinaliðar og verkefnastjórar og þar eru skipulagðir leikir næsta hálfu mánuðinn. Hafðir eru tveir leikir í boði þannig að nemendur geti haft val. Þegar eru leikir í íþróttahúsinu þá er ekki annar leikur í boði.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdis Edda Stefánsdóttir og Rikke Busk

Þjóðleikur



Varmahlíðarskóli tók í fjórða sinn þátt í Þjóðleik, leiklistarverkefni á vegum Þjóðleikhússins, eini skólinn á Norðurlandi. Boðið var upp á Þjóðleiksval eftir áramót og skráðu sig 13 nemendur úr 8. - 10. bekk. Í ár fagnaði Þjóðleikur 10 ára afmæli sínu og í tilefni þess var ákveðið að nýta gömul Þjóðleiksverk í stað þess að ráða leikritaskáld til að semja ný.

Leikstjóri komst ekki á leikstjóránámskeiðið í Þjóðleikhúsinu, nemendur og leikstjóri fóru heldur ekki á tækninámskeið fyrir þá sem sjá um ljós, búninga, sviðsmynd o.þ.h. Það námskeið var haldið á Húsavík.



Um miðjan janúar, eftir árshátíðarvinnu, hóf hópurinn æfingar á Tjaldinu eftir Hallgrím Helgason.

Til stóð að hópurinn færi til Hólmavíkur á lokahátíð en þar sem árshátíð félagsmiðstöðvarinnar Friðar var haldin sama dag, fór hann ekki.

Fimmtudaginn 2. maí frumsýndi hópurinn verkið í félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi, á sýninguna komu nær 50 manns. Þar sem oddviti Akrahrepps ákvað að styrkja skólann og gefa okkur leiguna ákvað hópurinn að láta aðgangseyrinn renna til góðs málefnis og var hann lagður inn á Stígamót.

Íris Olga Lúðvíksdóttir

